

GÆÐASTEFNA EFNA- OG ÖRVERUDEILDAR MATÍS OHF.

Gæðastefna rannsóknastofu Matís nær til allrar starfsemi rannsóknastofunnar. Það er stefna rannsóknastofunnar að allir starfsmenn vinni í samræmi við gæðastefnu, þekki innihald gæðahandbókar og vinni samkvæmt henni.

Rannsóknastofan skal tryggja að starfsmenn fái þá þjálfun og endurmenntun sem þeir þurfa og gerir þá færa um að vinna samkvæmt nýjustu uppfærslum og aðferðum og vinnulýsingum sem tilheyra gæðakerfinu.

Starfsfólk rannsóknastofu Matís leitast við að veita þjónustu af fullnægjandi gæðum og í samræmi við þarfir viðskiptavinar til þess að ekki leiki vafi á að rannsóknaniðurstöður séu áreiðanlegar, réttar og óhlutdrægar og að þær nýtist viðskiptavinum.

Rannsóknastofan mun jafnframt vinna að stöðugum endurbótum á gæðakerfi Matís.

Faggildar rannsóknadferðir rannsóknastofunnar skulu uppfylla kröfur ÍST EN ISO / IEC 17025 um starfsemi faggiltra prófunarstofa og kröfur NELAC staðals NYSDOH.

Reykjavík, 1. mars 2023



Oddur Már Gunnarsson,
forstjóri Matís ohf.